

hófst með sameiginlegu borðhaldi. Haraldur Ágústsson, kennari við Iðnskólann setti hófið, en veizlustjóri var Guðm. H. Guðmundsson, form. Iðnaðarmannafélagsins í Reykjavík.

Ræður fluttu: Helgi H. Eiríksson, Guðm. H. Guðmundsson, Bjarni Benediktsson, menntamálaráðherra, Gunnar Thoroddsen, borgarstjóri, Björgvin Frederiksen, forseti Landsambands iðnaðarmanna, Tómas Vigfússon, Jóhann Frimann, skólastjóri Iðnskólans á Akureyri, Sigurður Guðgeirsson, prentari, Friðgeir Grimsson, kennari, Sveinn Guðmundsson, forstjóri, Þór Sandholt, skólastjóri o. fl. Fulltrúar voru mættir frá Iðnskólanum á Akureyri, Akranesi, Keflavík og Selfossi.

Margar góðar gjafir bárust skólanum. Helgi H. Eiríksson og kona hans, Jóhanna Pétursdóttir, gáfu skólanum eftir sinn dag, bókasafn, steinasafn og grasasafn með tilheyrandi skápum, svo og minjagripi, heiðursgjafir, málverk o. fl. og að auki 75 þúsund krónur í peningum sem nota skal til varðveislu og viðgangs þessu mikla safni.

Helgi Magnússon, járnsmiður, gaf skólanum logsuðutæki er nota skal við kennslu í pípulagningaiðn. Kjöt-iðnaðarmenn gáfu skólanum 10 þúsund krónur, sem verja skal til vænt-

anlegrar verklegrar kennslu í þeirri iðngrein. Iðnskólinn á Akureyri færði skólanum að gjöf veglegan og haglega gerðan fundarhamar, frá Iðnskólanum á Akranesi barst litmynd af bænum og frá skólanum í Vestmannaeyjum litmynd af Eyjum, en Kennarafélag Iðnskólans í Reykjavík færði skólanum stóra ljósmynd af gamla skólahúsinu við Lækjargötu og Vonarstræti.

Þá var skólanum og bænum gefin hin mjög umtalaða myndastytta, Járnsmiðurinn, eftir Ásmund Sveinsson, og voru gefendur: Sveinn Guðmundsson, Axel Kristjánsson, Einar Ragnar Jónsson, Skarphéðinn Jóhannsson, Tómas Guðmundsson, Jónas Sólmundsson og Kristín Andrésdóttir. Mikill fjöldi heillaóskaskeyta barst skólanum, fráfarandi skólastjóra og hinum nýja skólastjóra.

Margir eldri iðnaðarmenn voru þarna viðstaddir og m. a. þeir fyrstu nemendur skólans, þeir Finnur O. Thorlacius, Stefán Magnússon og Indriði Guðmundsson, allir húsa-smiðir.

Hóf þetta var hið ánægjulegasta og virðulegasta og þeim til sóma er að því stóðu, mikið sungið og dansað fram undir morgun.

G.

## Ávarp

Hæstvirtir ráðherrar, borgarstjóri Reykjavíkur, virðulega samkvæmi.

Ég vil þakka afmælisnefnd Iðnskólans fyrir þá vinsemd að bjóða mér og konu minni til þessa veglega fagnaðar, sem haldinn er á hálftrar aldar afmæli Iðnskólans í Reykjavík.

Þegar litið er yfir hinn mikla hóp iðnaðarmanna sem hér er samankominn í kvöld, þá munu vissulega margir, sem hér eru, rifja upp gamlar endurminningar úr iðnskólanum og tengja og treysta gömul vináttubönd.

Það má með sanni segja að mörgum, sem hér eru, hefur orðið drjúgt veganesti sú fræðsla, sem þeir nutu í Iðnskólanum, þótt oft væri þreyt-

flutt af forseta  
Landssambands  
Iðnaðarmanna,  
Björgvin Frederiksen,  
í 50 ára afmælishófi  
Iðnskólans í Reykjavík.

andi að setjast á skólabekk eftir langan og strangan vinnudag. Þó er það nú svo, að þessi strangi skóli iðnaðarmanna bóklegur og verklegur, herti þá dugmeiri og gerði þá jafnframt að afkastamiklum framkvæmdamönnum.

Síðast þegar ég skauzt upp í Iðnskólann nýja og bar saman í huganum gamla skólann með tréhnöllunum til að sitja á og svo hina glæsilegu menntastofnun nútímans,



Björgvin Frederiksen forseti L. I.

þá datt mér í hug samtali er ég heyrði, er Reykjavíkursýningin var opnuð. Einn af merkustu borgurum þessa bæjar hafði skoðað vandlega eldhúsin þrjú, sem þar voru til sýnis, hlóðaeldhús, aldamóta- og nútímaeldhús, gengið um þau öll án þess að mæla orð, en þegar hann kom út úr því síðasta snéri hann sér að fylgdarmanni sínum og spurði: „Hvar leið svo fólkinu bezt?“ Þessari spurningu verður oft vandsvarað. Ég vil í þessu sambandi óska þess, að í nýja Iðnskólanum verði svarið. hér líður öllum vel, nemendum og kennurum og að árangurinn af hinni stórbættu aðstöðu megi sjást með tímanum í hinu góða í fari iðnaðarmanna, þrá til að menntast og ástunda vandvirkni.

Það er sérstaklega ánægjulegt að svo skuli vilja til að einmitt á 50 ára afmæli Iðnskólans skuli hægt að flytja hluta af starfseminni í hið veglega skólahús.

Á Íslandi er nú mikið af fullkomnum iðnaðarvélum og margir kunna prýðisvel með þær að fara, en tækniþróunin er orðin svo ör, að iðnaðarmenn í ýmsum greinum þurfa alltaf að vera að læra og fullkomna sig. Miklar vonir tengja því iðnaðarmenn við Iðnskólann í Reykjavík, að hann geti í framtíðinni aukið svo verksvið sitt, að þar verði tekið upp framhaldsnám fyrir sveina og meistara.